



Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).

Dufland ehf. styður að gerðar verði breytingar á núverandi lögum nr. 87/218 sem varða að fella allar tóbakslausar nikótínvörur undir gildissvið laganna, þar á meðal nikótínþúða. Dufland ehf. vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri.

Dufland ehf. telur mikilvægt að gæta meðalhófs hvað varðar takmarkanir á markaðssetningu á nikótínþúðum. Markaðssetning nikótínþúða hefur dregið verulega úr notkun tóbaks undanfarið ár sem við teljum vera jákvæða þróun þar sem skaðsemi tóbaks liggur vel fyrir. Einnig bendum við á að í því alþjóðaumhverfi sem við búum við í dag, þar sem auðvelt er að panta vörur á netinu og fá heimsendar frá erlendum aðilum, að lög um sýnileika, auglýsingar og markaðssetningu verði ekki of íþyngjandi fyrir íslensk fyrirtæki. Heldur að hugað verði að samkeppnishæfni þeirra gagnvart erlendum dreifingar- og söluaðilum. Mikilvægt er að neytandinn sé upplýstur um þær nikótínvörur sem eru í boði hverju sinni til þess að hann geti tekið upplýsa ákvörðun ef skipta á úr tóbaki og yfir í nikótínvöru. Sýnileikabann mun því hafa áhrif á slíkar ákvarðanir.

Í 8. gr. laga segir að *ráðherra sé heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um hvernig háttað skuli mælingum og eftirliti með því að heimildir um stærð, styrkleika og innihaldsefni séu virtar*. Mikilvægt er að hverskyns mælingar sem gerðar eru kröfur á í reglugerð séu í samræmi við þekktar staðlaðar leiðir iðnaðar.

Fyrirhuguð lög um að tilkynna þurfi markaðssetningu nikótínþúða til Neytendastofu með sex mánaða fyrirvara er að mati Duflands ehf. of langur tími. Dufland ehf. vinnur náið með bæði innlendum sem og erlendum framleiðendum nikótínþúða við markaðssetningu og dreifingu á vörum héraðs. Íslenskir dreifingaraðilar eru í auknum mæli í samkeppni við erlend fyrirtæki þar sem auðvelt er að panta nikótínvörur á netinu og erfitt getur reynst fyrir stjórnvöld að standa að eftirliti með smáum sendingum til einstaklinga. Almenn hvílir mikil leynd yfir vöruþróun framleiðenda og áætlaðri markaðssetningu þeirra á vörum. Sex mánaða fyrirvari er mjög íþyngjandi fyrir iðnað sem vinnur að þróun vörunnar og markaðar. Í flestum tilfellum hafa framleiðendur og innlendir dreifingaraðilar ekki tekið ákvörðun um markaðssetningu með sex mánaða fyrirvara. Dufland ehf. telur þetta vera of langan tími sem Neytendastofa gefur sér til þess að vinna að umsókn og mælir sterklega með að fyrirvari um markaðssetningu verði lækkaður niður í þrjá mánuði.

Dufland ehf. telur við hæfi að merkingar sem eru til þess gerðar að upplýsa notandann séu íslenskar. Einnig telur Dufland ehf. við hæfi að vörur séu merktar með upphleyptum þríhyrning til upplýsinga fyrir sjónskerta í samræmi við staðalinn ISO 11683. Þá skulu aðvörunarmerkingar vera sýnilegar á framhlið vörunnar eða á hlið sívala umbúða.

Virðingarfyllst,

Stjórn Dufland ehf.